



Skipulags- og umhverfisráð

Kópavogi, 7. apríl 2025
2504777/501.00 BR

Beiðni um að hefja vinnu við breytingar á aðal- og deiliskipulagi vegna lóðar fyrir þjónustumiðstöð Kópavogs

Þjónustumiðstöð Kópavogs (áður áhaldahús Kópavogs) hefur verið á aðstöðulegum hrakhólum frá árinu 1985 þegar lóð þess við Vesturvör (nú Naustavör) var tekin undir íbúðabyggð. Áhaldahúsinu var þá komið fyrir neðarlega við Digranesveg (nú Lækjasmári) en nauðsynlegt reyndist að flytja það þaðan árið 1995 þar sem lóðin var tekin undir íbúðabyggð. Áhaldahúsinu var þá komið fyrir á lóð í Álalind sem var þá talin vera lóð til framtíðar. Fullkomið húsnæði byggt og nafninu breytt úr áhaldahúsi í þjónustumiðstöð.

Talsverður metnaður var lagður í byggingu húsnæðisins sem meðal annars hefur verið notað sem fyrirmynd fyrir önnur slík húsnæði t.d. húsnæði Þjónustumiðstöðvar og umhverfissviðs Hafnarfjarðar að Norðurhelli 2. Þjónustumiðstöðin þurfti að flytja af lóðinni og rífa húsið árið 2017 þar sem lóðin var tekin undir íbúðabyggð. Fluttist þjónustumiðstöðin þá tímabundið í iðnaðarhúsnæði í Askalind 5 og nauðsynleg útisvæði eru dreifð um bæinn á lóðum sem bíða uppbyggingar t.d. í Glæðheimum, Vesturvör 14, Vesturvör 2 og í Kópavogsdal.

Þar sem það liggur fyrir að uppbygging íbúðarhúsnæðis er fyrirhuguð á lóðunum sem þjónustumiðstöð hefur nýtt sér fyrir útisvæði á næstu misserum auk þess sem húsnæði þjónustumiðstöðvar við Askalind 5 er óhentugt og heftir starfsemi þjónustumiðstöðvar er óskað eftir heimild skipulags- og umhverfissráðs til hefja vinnu við breytingar á aðal- og deiliskipulagi við Hestheima þar sem þjónustumiðstöð mun geta komið sér fyrir með sína starfsemi til framtíðar.

Um er að ræða svæði (sjá mynd 1) vestan við reiðhöllina við Hestheima og mun afmarkast af sveitarfélagsmörkum við Garðabæ, Markavegi, Hestheimum og lóð reiðhallarinnar. Rúmlega helmingur svæðisins er í dag ónýttur en tæplega helmingur er nýttur sem heygeymsla hluta úr ári. Að öðru leiti er svæðið vannýtt.

Í aðalskipulagi Kópavogs er svæðið skilgreint sem ÍB-7 (sjá mynd 2) „Nýtt íþróttasvæði tengt hestaíþróttum á Heimsenda og Kjóavöllum. Svæðið var áður skilgreint sem verslun og þjónusta og var minna. Stærð svæðis um 3-4 ha. Afmarka þarf svæðið nánar og vinna deiliskipulag. Stærð 6 ha.“.

Landnotkunarflokkur á um það bil 1,7 ha mun verða breytt úr íþróttasvæði í samfélagsþjónustu sem samkvæmt skipulagsreglugerð nr. 90/2013 er ætlað fyrir þjónustustofnanir ríkis, sveitarfélaga og eða annarra aðila.


Uppfærsla á deiliskipulagi frá 2008 (sjá mynd 3) mun gerast samhliða breytingum á aðalskipulagi þar sem það verður fært nær nútímanum og raunverulegum aðstæðum á staðnum.



Mynd 1. Svæði þjónustumiðstöðvar afmarkað með rauðri línu. Gert er ráð fyrir mögulegri stækkun á reiðhöll í náninni framtíð. Notkunarflokkur breytist úr íþróttasvæði í samfélagsþjónustu.



Mynd 2. Núverandi afmörkun á landnotkunarflokki á svæðinu samkvæmt aðalskipulagi.



Mynd 3. Skjáklippa af gildandi deiliskipulagi frá 2008. Innan breytingasvæðis er skv. deiliskipulagi gert ráð fyrir 4 óskilgreindum húsum, sennilega hesthúsum og bílastæðum. Svæðið er ekki nýtt í þetta í dag. Athygli vekur að sveitarfélagsmörk við Garðabæ eru ekki í samræmi við núgildandi sveitarfélagsmörk.

Virðingarfyllst,

Birkir Rútsson
Deildarstjóri gatnadeildar